

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Norðurþings.

I. KAFLI

Um skipan sveitarstjórnar, sjálfstjórn hennar og verkefni sveitarfélagsins.

1. gr.

Skipan sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn Norðurþings er skipuð 9 fulltrúum, sem kjörnir eru lýðræðislegri kosningu af íbúum sveitarfélagsins samkvæmt kosningalögum.

2. gr.

Sjálfstætt stjórnvald.

Norðurþing er sjálfstætt stjórnvald, sem er stjórnað af lýðræðislega kjörinni sveitarstjórn í umboði íbúa sveitarfélagsins.

3. gr.

Verkefni sveitarfélagsins.

Norðurþing annast þau verkefni sem því eru falin í lögum, sbr. og leiðbeinandi auglýsingu frá því ráðuneyti sem fer með málefni sveitarfélaga. Jafnframt fer sveitarstjórn með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

Norðurþing vinnur að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma.

Norðurþingi er heimilt að taka að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa þess, enda sé það ekki falið öðrum að lögum.

II. KAFLI

Um sveitarstjórn.

4. gr.

Hlutverk sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn fer með stjórn Norðurþings samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, með síðari breytingum, annarra laga og samþykkt þessari.

Sveitarstjórn hefur ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna, lántökur, ráðstöfun eigna og um framkvæmd verkefna sveitarfélagsins.

5. gr.

Verkefni sveitarstjórnar.

Meðal verkefna sveitarstjórnar Norðurþings er:

1. Að sjá um að lögbundnar skyldur séu ræktar og hafa eftirlit með því að fylgt sé viðeigandi reglum í störfum sveitarfélagsins, sbr. 8. gr. sveitarstjórnarlaga.
2. Að kjósa forseta og varaforseta sveitarstjórnar, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga, byggðarráð og aðrar stjórnir, ráð og nefndir, skv. V. kafla sveitarstjórnarlaga, að ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem annast skal endurskoðun hjá sveitarfélaginu, sbr. VII. kafla sveitarstjórnarlaga.
3. Að setja sveitarstjórn síðareglur, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.
4. Að ákveða stjórnskipan sveitarfélagsins, ráða sveitarstjóra, sbr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga og aðra starfsmenn í æðstu stjórnunarstöður sveitarfélagsins, sbr. 56. gr. laganna.
5. Að móta stefnu fyrir starfsemi sveitarfélagsins, sviða, fyrirtækja og deilda. Setja starfsemi sveitarfélagsins reglur, m.a. um ábyrgðarmörk ráða, stjórna og nefnda, kjörinna fulltrúa og embættismanna, gjaldskrár o.þ.h., eftir því sem lög mæla fyrir um og þörfkrefur.
6. Að fara með fjárstjórnarvald sveitarfélagsins, sbr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga og gera fjárhagsáætlanir, sbr. 62. gr. sömu laga.

7. Að bera ábyrgð á fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja, sbr. 77. gr. sveitarstjórnarlaga og VIII. kafla samþykktar þessarar og taka ákvarðanir um verulegar skuldbindingar sveitarfélagsins til lengri tíma.
8. Að samþykkja og hafa eftirlit með framkvæmd samstarfsverkefna og þjónustusamninga, sbr. IX. kafla sveitarstjórnarlaga.
9. Að veita íbúum sveitarfélagsins og þeim sem njóta þjónustu þess upplýsingar um málefni sem snerta hagi þeirra og um samstarf sem sveitarfélagið hefur við önnur sveitarfélög, sbr. 103. gr. sveitarstjórnarlaga.
10. Að setja sveitarfélaginu málstefnu skv. 130. gr. sveitarstjórnarlaga.
11. Að móta stefnu fyrir komandi ár og næstu þrjú ár á eftir um það þjónustustig sem Norðurþing hyggst halda uppi í byggðum og byggðarlögum fjarri stærsta byggðakjarna sveitarfélagsins, sbr. 130. gr. sveitarstjórnarlaga.
12. Að staðfesta erindisbréf fyrir nefndir, ráð og stjórnir þar sem kveðið er á um hlutverk, valdsvið, og starfshætti þeirra í samræmi við lög, reglugerðir og almennar samþykktir bæjarstjórnar.

6. gr.

Ný sveitarstjórn tekur til starfa.

Nýkjörin sveitarstjórn tekur við störfum 15 dögum eftir kjördag. Jafnlengi heldur fráfarandi sveitarstjórn Norðurþings umboði sínu, með þeim takmörkunum sem leiðir af kosningalögum nr. 112/2021. Nýkjörin sveitarstjórn hefur einungis umboð til töku ákvarðana um málefni sveitarstjórnarinnar eða sveitarfélagsins eftir að hún tekur við störfum.

Sá fulltrúi í nýkjörinni sveitarstjórn sem á að baki lengsta setu í sveitarstjórn boðar til fyrsta fundar ekki síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum eftir kosningar. Hann stýrir fundi þar til forseti hefur verið kjörinn. Hafi tveir eða fleiri fulltrúar setið jafnlengi í sveitarstjórn fer aldursforseti þeirra með verkefni samkvæmt þessari málsgrein.

Fyrsta fund skal boða með a.m.k. fjögurra daga fyrirvara.

7. gr.

Kjör forseta og varaforseta.

Á fyrsta fundi kýs sveitarstjórn forseta og tvo varaforseta og skulu þeir kjörnir til eins árs í senn. Njóti forseti eða varaforseti ekki lengur stuðnings sveitarstjórnar skal kjósa í þau embætti að nýju. Hið sama á við ef forseti eða varaforseti forfallast varanlega eða fær lausn frá starfi.

Sá telst rétt kjörinn forseti sem fær atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í sveitarstjórn. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju. Við aðra umferð telst sá rétt kjörinn sem fær meirihluta atkvæða þeirra fulltrúa sem sitja fundinn eða ef viðkomandi er sá eini sem fær atkvæði. Fáist ekki niðurstaða við aðra umferð skal kosið þriðja sinni en þá á milli þeirra tveggja sem flest atkvæði fengu við aðra umferð. Ef nauðsynlegt reynist skal varpa hlutkesti um það milli hverra tveggja verður kosið. Verður þá sá rétt kjörinn sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn ræðurhlutkesti.

Þegar að lokinni kosningu forseta skal kjósa fyrsta og annan varaforseta. Kosning varaforseta fer fram með sama hætti og forseta.

Varaforsetar gegna störfum forseta í rétttri töluröð embættanna. Sé enginn forseti á fundi gegnir aldursforseti störfum forseta nema sveitarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Tilkynna skal kosningu forseta og varaforseta til ráðuneytis sveitarstjórnarmála.

III. KAFLI

Fundir sveitarstjórnar og fundarsköp.

8. gr.

Fundir sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn heldur reglulega fundi þriðja fimmtudag hvers mánaðar í fundarsal stjórnsýsluhússins á Húsavík. Sveitarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 13.00.

Aukafundi skal halda í sveitarstjórn þegar forseti sveitarstjórnar eða sveitarstjóri telur það nauðsynlegt eða ef a.m.k. þriðjungur sveitarstjórnarmanna krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

Sveitarstjórn er heimilt að fella niður reglulegan fund sinn, enda sé tillaga um slíkt samþykkt mótatkvæðalaust á næsta fundi sveitarstjórnar á undan.

Heimilt er að fella niður fundi í sveitarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

9. gr.

Boðun sveitarstjórnarfundar.

Sveitarstjóri boðar sveitarstjórnarfundar í samráði við forseta sveitarstjórnar.

Sveitarstjóri skal hafa sent sveitarstjórnarmönnum fundarboð sveitarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur virkum dögum fyrir sveitarstjórnarfund.

Aukafund skal boða ekki síðar en tveimur virkum dögum eftir að ósk þar um barst þeim er boða skal fund. Heimilt er að senda dagskrá ásamt fylgigögnum með rafrænum hætti í gegnum fundargátt sveitarfélagsins og skal þá miða við sömu tímamörk og ef um boðsendingu væri að ræða.

10. gr.

Dagskrá sveitarstjórnarfundar.

Sveitarstjóri semur dagskrá sveitarstjórnarfundar í samráði við forseta og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá sveitarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningu forseta og varaforseta, kosningar ráða, stjórnar og nefnda á vegum sveitarfélagsins svo og ráðningu sveitarstjóra og helstu stjórnenda sveitarfélagsins og endurskoðenda þess.
2. Mál sem falla undir verksvið sveitarstjórnar, sbr. 5. gr. og önnur þau mál sem sveitarstjóri, sveitarstjórnarfulltrúar eða nefndir vilja taka á dagskrá.
3. Ályktanir og tillögur sem fram koma í fundargerðum, sbr. 3. tölulið hér að framan og þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar, skal tilgreina sérstaklega í dagskrá.
4. Fundargerðir ráða, nefnda og stjórnar til kynningar: Dagskrá sveitarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem sveitarstjóri telur nauðsynleg.

Áður en skilafrestur tillagna um dagskrármál skv. 2. tölulið rennur út, skal birta sveitarstjórnarfulltrúum með rafrænum hætti skrá yfir fundi nefnda, ráða og stjórnar á vegum sveitarfélagsins, sbr. 52. gr. samþykktar þessarar, sem haldnir hafa verið frá því að skilafrestur rann síðast út. Skoðast skráin sem viðauki við dagskrá.

Óski sveitarstjórnarfulltrúi eftir að taka mál á dagskrá, sbr. 2. tölul., skal hann tilkynna sveitarstjóra það skriflega eða með rafrænum hætti með tillögu eða fyrirspurn fyrir kl. 23.59 á mánudagskvöldi fyrir sveitarstjórnarfund. Ráð eða nefnd sem vill vísa máli til sveitarstjórnar skal hafa skilað samþykkt um það í frágenginni fundargerð fyrir kl. 16.00 á mánudegi fyrir sveitarstjórnarfund.

11. gr.

Tilkynning til íbúa um fundi sveitarstjórnar.

Í upphafi kjörtímabils sveitarstjórnar tekur sveitarstjórn ákvörðun um hvar og hvenær sveitarstjórnarfundir eru haldnir, sbr. 8. gr. samþykktar þessarar, og skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggum hætti.

Íbúum sveitarfélagsins skal kynnt með opinberri auglýsingu eða með auglýsingu á vefsíðu sveitarfélagsins um fyrirhugaða fundi sveitarstjórnar ásamt dagskrá, innan sama tímafrests og við á um sveitarstjórnarfulltrúa, enda standi reglur um þagnarskyldu því ekki í vegi.

12. gr.

Opnir fundir sveitarstjórnar.

Fundir sveitarstjórnar eru opnir, en heimilt er að ákveða að einstök mál skuli rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis máls. Forseti sveitarstjórnar eða sveitarstjórn getur jafnframt ákveðið að ræða fyrir luktum dyrum tillögu um lokun fundar.

Þrátt fyrir að fundi sé lokað er heimilt að ákveða að tilteknir starfsmenn Norðurþings séu viðstaddir.

13. gr.

Ályktunarhæfi og atkvæðagreiðsla.

Sveitarstjórn getur enga ályktun gert nema meira en helmingur sveitarstjórnarmanna sé viðstaddur á fundi.

Á sveitarstjórnarfundum ræður fjöldi atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og á móti fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

14. gr.

Þátttaka í fundi með rafrænum hætti.

Sveitarstjórnarfulltrúum, fulltrúum í ráðum og nefndum á vegum sveitarfélagsins er heimilt að taka þátt í fundi með rafrænum hætti séu þeir staddir í Norðurþingi eða í erindagjörðum innanlands á vegum þess. Fer um framkvæmd slíkra funda skv. leiðbeiningum ráðuneytis sveitarstjórnarmála, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

15. gr.

Tvær umræður í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn skal hafa tvær umræður, með a.m.k. einnar viku millibili um:

1. Samþykktir og aðrar reglur sem samkvæmt lögum eiga að hljóta staðfestingu ráðherra.
2. Staðfestingu ársreiknings.
3. Stefnumarkandi áætlanir sem gilda eiga til lengri tíma og taka til sveitarfélagsins í heild eða meirihluta þess.
4. Tillögu um sameiningu við annað sveitarfélag skv. 2. mgr. 120. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þá skal sveitarstjórn hafa tvær umræður, með a.m.k. tveggja vikna millibili, um fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins skv. 62. gr. sveitarstjórnarlaga. Ákvæði þetta gildir þó ekki um samþykkt viðauka við fjárhagsáætlanir.

16. gr.

Fundarsköp og ritun fundargerða.

a. *Fundarstjórn.* Forseti sveitarstjórnar Norðurþings stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók sveitarstjórnarinnar og að allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar, svo og hverja afgreiðslu þær hljóta. Forseti sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum sveitarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum samkvæmt samþykkt þessari, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar sveitarstjórnar.

b. *Vald forseta.* Skylt er sveitarstjórnarfulltrúa að lúta valdi forseta í hvívetna varðandi það að gætt sé góðrar reglu.

Ef sveitarstjórnarfulltrúi ber aðra menn brigslum eða vikur verulega frá umræðuefninu skal forseti víta hann. Ef sveitarstjórnarfulltrúi er víttur tvisvar á sama fundi getur forseti lagt til við sveitarstjórn að hann verði sviptur málfrelsi það sem eftir er fundar. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust.

Ef sveitarstjórnarfulltrúi hlýðnast ekki úrskurði forseta eða almenn óregla kemur upp á fundi skal forseti gera hlé um stundarsakir eða ef nauðsyn krefur fresta eða slíta fundi.

Raski áheyrandi fundarfríði getur forseti vísað honum úr fundarsal.

Leyfi forseta þarf til að taka myndir á sveitarstjórnarfundum.

- c. *Afgreiðsla mála.* Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í sveitarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá, nema forseti eða sveitarstjórn ákveði annað. Forseti getur ákveðið að tiltekið mál í fundargerð sem er á dagskrá verði gert að sérstökum dagskrárlið á fundinum. Heimilt er að taka mál á dagskrá þótt ekki sé þess getið í fundarboði, enda samþykki 2/3 viðstaddra sveitarstjórnarmanna þau afbrigði.
- Mál er afgreitt í sveitarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá sveitarstjórn eða vísa því til afgreiðslu ráðs, stjórnar, nefndar eða sveitarstjóra. Máli sem sveitarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Sveitarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.
- d. *Málfrelsi sveitarstjóra.* Sveitarstjóri skal sitja fundi sveitarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt, en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í sveitarstjórn.
- e. *Málfrelsi.* Sveitarstjórnarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á sveitarstjórnarfundum.
- Sveitarstjórnarfulltrúi sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta. Að jafnaði skulu sveitarstjórnarfulltrúar taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða sveitarstjóra, framsögumann í máli eða sveitarstjórnarfulltrúa sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri sveitarstjórnarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis, ákveður forseti í hvaða röð þeir skuli tala. Sveitarstjórnarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti leyfi annað.
- f. *Ávarp ræðumanns.* Sveitarstjórnarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta. Sveitarstjórnarfulltrúi skal ávarpa einstaka sveitarstjórnarmenn með fullu nafni. Þegar til umræðu er fundargerð skal ræðumaður taka fram hvaða lið í fundargerð hann óskar að ræða.
- Sveitarstjórnarfulltrúi má ekki lesa upp prentað mál við umræður í sveitarstjórn nema með leyfi forseta.
- g. *Hve oft má tala.* Sveitarstjórnarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó sveitarstjórnarfulltrúa að taka oftari til máls, til að bera af sér ámæli, gera grein fyrir atkvæði sínu eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn forseta. Sveitarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður mega þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls. Sveitarstjóri hefur óbundið málfrelsi.
- h. *Ræðutími.* Telji forseti umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers sveitarstjórnarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver sveitarstjórnarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Sveitarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver sveitarstjórnarfulltrúi kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.
- i. *Tillögur og afgreiðsla.* Sveitarstjórnarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávisunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar. Forseti ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu í samræmi við almennar reglur um fundarsköp. Forseti sker úr því hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur skuli hagað.
- j. *Réttur til bókanar.* Þeir sem hafa rétt til að taka þátt í umræðum í sveitarstjórn eiga rétt á að fá bókaðar í fundargerð stuttar athugasemdir um afstöðu til þeirra mála sem til umræðueru.
- k. *Atkvæðagreiðsla.* Atkvæðagreiðsla á sveitarstjórnarfundum fer að jafnaði fram með handaupprettingu. Sveitarstjórnarfulltrúi greiðir atkvæði úr sæti sínu. Forseti biður þá sveitarstjórnarfulltrúa sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.
- Ef mál er svo vaxið að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það, skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.
- Forseti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall ef sveitarstjórnarfulltrúi óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá sveitarstjórnarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða sveitarstjórnarfulltrúi

greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar sveitarstjórnarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða á móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef sveitarstjórnarfulltrúi óskar og sveitarstjórn samþykkir.

1. *Kosningar.* Kosningar sem fara fram í sveitarstjórn, skv. 43. gr. sveitarstjórnarlaga, skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar, sé þess óskað. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við oddvitakjör. Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar. Á sveitarstjórnarfundum ræður fjöldi atkvæða úrslitum mála. Hjúseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það, en við kosningar ræður hlutkesti. Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

Sveitarstjórn ber að hafa í huga ákvæði 4. tölulið 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 varðandi kynjahlutfall.

17. gr.

Hæfi til þátttöku í meðferð og afgreiðslu einstakra mála.

Um hæfi sveitarstjórnarmanna, nefndarfulltrúa og starfsmanna sveitarfélagsins til þátttöku í meðferð eða afgreiðslu mála þar sem á, eða til greina kemur, að taka stjórnvaldsákvörðun skv. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, gilda ákvæði stjórnsýslulaga sé ekki öðruvísi ákveðið í sveitarstjórnarlögum. Viðkomandi telst þó aðeins vanhæfur sé hann eða hafi verið maki aðila, skyldur eða mægdur aðila í beinan legg eða að öðrum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar. Þá verður starfsmaður sveitarfélagsins ekki vanhæfur vegna vanhæfis yfirmanns ef eðli máls eða uppbygging stjórnkerfis sveitarfélagsins þykir ekki gefa tilefni til slíks.

Í öðrum tilvikum en skv. 1. mgr. ber sveitarstjórnarmanni, nefndarfulltrúa eða starfsmanni sveitarfélagsins að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Þessi regla tekur einnig til gerðar samninga fyrir hönd sveitarfélagsins.

Að öðru leyti vísast til 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

IV. KAFLI

Réttindi og skyldur sveitarstjórnarfulltrúa.

18. gr.

Skyldur sveitarstjórnarfulltrúa.

Sveitarstjórnarfulltrúa er bæði rétt og skylt að taka þátt í öllum fundum sveitarstjórnar og fundum í nefndum og ráðum sem hann hefur verið kjörinn til nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í sveitarstjórn er skylt að taka kjöri í ráð, stjórnir og nefndir á vegum sveitarfélagsins. Hverjum sveitarstjórnarfulltrúa er skylt að taka að sér þau störf, sem sveitarstjórn felur honum og varða verkefni sveitarstjórnarinnar, svo sem forsetastörf. Þó getur sá sem verið hefur forseti eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í ráði, stjórn eða nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi. Ósk um undanþágu skal sett fram áður en kjör í viðkomandi nefnd eða trúnaðarstarf fer fram.

Sveitarstjórnarfulltrúar skulu gæta trúnaðar um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

19. gr.

Réttur sveitarstjórnarfulltrúa.

Sveitarstjórnarfulltrúar eru sjálfstæðir í störfum sínum. Þeir eru einungis bundnir af lögum og eigin sannfæringu um afstöðu til einstakra mála.

Sveitarstjórnarfulltrúar eiga rétt á að tekið verði á dagskrá sveitarstjórnarfundar hvert það málefni sem sérstaklega varðar hagsmuni sveitarfélagsins eða verkefni þess.

Sveitarstjórnarfulltrúar hafa málfrelsi á fundum sveitarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í fundarsköpum sveitarstjórnar. Þeir hafa tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum sveitarstjórnar.

Vilji sveitarstjórnarfulltrúi ekki una úrskurði forseta um stjórn fundar og fundarsköp getur hann skotið úrskurðinum til sveitarstjórnar sem sker úr án umræðna.

20. gr.

Varamenn í sveitarstjórn.

Sé sveitarstjórnarfulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til sveitarstjóra, og boða þá varamann sinn á fund.

Varamenn taka sæti í sveitarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast.

Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnsmálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast.

Yfirlýsingu um samkomulag skv. 3. mgr. skal leggja fram á fyrsta eða öðrum fundi sveitarstjórnar að loknum sveitarstjórnarkosningum og gildir hún til loka kjörtímabils.

21. gr.

Aðgangur að gögnum.

Vegna starfa sinna í sveitarstjórn á sérhver sveitarstjórnarmaður rétt á að kynna sér gögn og upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnsýslu sveitarfélagsins og varða málefni sem komið geta til umfjöllunar í sveitarstjórn.

Sveitarstjórnarmaður skal eiga eðlilegan aðgang að skrifstofu og stofnunum sveitarfélagsins í þeim tilgangi að kynna sér starfsemi sveitarfélagsins og rekstur þess.

Óski sveitarstjórnarmaður gagna sem liggja fyrir í stjórnsýslu sveitarfélagsins skal beina því til framkvæmdastjóra eða skrifstofu sveitarfélagsins sem annast milligöngu um öflun þeirra og skal afgreiða slíka beiðni eins skjótt og unnt er. Ef umbeðin gögn eru undanþegin upplýsingarétti almennings eða eru óvenju viðamikil er heimilt að bjóða sveitarstjórnarmanni að kynna sér þau á skrifstofu sveitarfélagsins.

Ef beiðni sveitarstjórnarmanns varðar viðkvæma persónulega hagi einstaklings sem ekki er til umfjöllunar í sveitarstjórn, er heimilt að neita um afhendingu gagna og upplýsinga.

Sveitarstjórn skal kveða nánar á um málsmeðferð varðandi afhendingu gagna s.s. um fyrirkomulag beiðna, afmörkun gagna, afritun gagna, fyrirkomulag og framkvæmd aðgangs að skrifstofu og stofnunum sveitarfélagsins.

22. gr.

Siðareglur og góðir starfshættir.

Sveitarstjórnarfulltrúi skal í störfum sínum fara eftir þeim siðareglum sem sveitarstjórn setur sér, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.

23. gr.

Lausn frá störfum.

Telji sveitarstjórnarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum í sveitarstjórn án óhæfilegs álags, getur hann óskað eftir því við sveitarstjórn að hún:

1. létti af honum störfum eða,
2. veiti honum lausn úr sveitarstjórn um tiltekinn fyrir fram ákveðinn tíma eða til loka kjörtímabils.

Þegar sveitarstjórnarfulltrúi flytur úr sveitarfélaginu um stundarsakir má sveitarstjórn ákveða, að ósk hans, að hann skuli víkja úr sveitarstjórn þar til hann tekur aftur búsetu í sveitarfélaginu. Slík ákvörðun skal tekin áður en sveitarstjórnarfulltrúi flytur um stundarsakir. Sé ekki tekin ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein missir sveitarstjórnarfulltrúi kjörgengi við skráningu lögheimilis í öðru sveitarfélagi og getur ekki tekið aftur sæti í sveitarstjórn á kjörtímabilinu taki hann aftur búsetu í sveitarfélaginu.

Missi sveitarstjórnarfulltrúi kjörgengi skal hann víkja úr sveitarstjórn. Ef sveitarstjórnarfulltrúi missir fjárforræði skal sveitarstjórn veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

24. gr.

Boðun varamanna.

Þegar aðalmaður er vanhæfur til meðferðar máls í sveitarstjórn skal hann boða varamann til meðferðar þess og afgreiðslu. Að afgreiðslu máls lokinni tekur aðalmaður sæti sitt á viðkomandi fundi á ný. Verði innköllun varamanns ekki við komið getur vanhæfur sveitarstjórnarmaður krafist þess að umræðu og afgreiðslu máls verði frestað til næsta fundar. Frestun nær þó ekki fram að ganga ef 2/3 hlutar viðstaddra sveitarstjórnarfulltrúa greiða atkvæði gegn frestun eða ef frestun hefur í för með sér að gengið sé gegn lögbundnum afgreiðslutíma máls.

Þegar aðalmaður getur ekki mætt til fundar eða þarf að víkja af fundi af heilsufarsástæðum eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum tekur varamaður hans sæti í sveitarstjórn á þeim fundi. Aðalmaður skal tilkynna forföll til fundarboðanda skv. samþykkt þessari, eins fljótt og auðið er og óska eftir því að varamaður verði boðaður. Forföll samkvæmt þessari málsgrein taka ávallt til viðkomandi fundar í heild, eða til loka fundar sé um það að ræða.

Þegar fyrirséð er að aðalmaður í sveitarstjórn mun taka hlé frá störfum vegna atvika sem greinir í 2. mgr. í a.m.k. einn mánuð skal varamaður hans taka sæti í sveitarstjórninni frá og með næsta fundi, enda séu þá ástæður forfalla enn til staðar. Þegar forföllum lýkur tekur aðalmaður sæti sitt að nýju frá og með næsta fundi.

Þegar aðalmaður fellur frá, missir kjörgengi eða fær lausn frá starfi í sveitarstjórn skal varamaður hans taka sæti í sveitarstjórn frá og með næsta fundi.

25. gr.

Þóknun o.fl.

Sveitarstjórnarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í sveitarstjórn. Ef um langan veg er að fara milli heimilis sveitarstjórnarmanna og fundarstaðar sveitarstjórnar skal sveitarstjórnarmaður fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist sveitarstjórnarfulltrúi á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Sveitarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

Sveitarstjórnarfulltrúi má ekki afsala sér greiðslum sem honum eru ákveðnar á grundvelli þessarar greinar.

26. gr.

Réttindi og skyldur varamanna.

Ákvæði þessa kafla, um réttindi og skyldur sveitarstjórnarfulltrúa gilda einnig við um varamenn sem taka sæti í sveitarstjórn.

V. KAFLI

Byggðarráð.

27. gr.

Kosning byggðarráðs.

Sveitarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa þrjá sveitarstjórnarfulltrúa í byggðarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalmenn í byggðarráði skulu koma úr hópi aðalmanna í sveitarstjórn. Varamenn skal einnig velja úr hópi aðalfulltrúa í sveitarstjórninni. Heimilt er þó að ákveða að aðalfulltrúar og varafulltrúar af sama framboðslista og hinn kjörni byggðarráðsmaður verði varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann þegar kosið var til sveitarstjórnar.

Kosningar í byggðarráð skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar ef einhver sveitarstjórnarfulltrúi óskar þess. Sveitarstjórn skal jafnframt á fyrsta fundi sínum kjósa formann og varaformann byggðarráðs úr hópi kjörinna byggðarráðsmanna.

Sveitarstjóri situr fundi byggðarráðs með málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé sveitarstjórnarfulltrúi og kjörinn í byggðarráð.

28. gr.

Fundartími byggðarráðs.

Byggðarráð skal að jafnaði halda fund á fimmtudögum og eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði.

Aukafundi skal halda eftir þörfum að ákvörðun formanns eða ef sveitarstjóri eða a.m.k. tveir byggðarráðsmenn óska þess.

29. gr.

Boðun funda byggðarráðs.

Sveitarstjóri undirbýr byggðarráðsfundi í samráði við formann byggðarráðs. Hann sér um að byggðarráð sé boðað til fundar með skriflegu eða rafrænu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund. Geti byggðarráðsmaður ekki sótt fund tilkynnir hann forföll til sveitarstjóra og boðar varamann sinn.

30. gr.

Stjórnun byggðarráðs.

Formaður byggðarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar byggðarráðs.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í byggðarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver byggðarráðsmanna óskar þess.

Staðgengill sveitarstjóra skal annast ritun fundargerða byggðarráðs sé þess óskað. Um ritun fundargerða byggðarráðs og varðveislu þeirra skal farið eftir leiðbeiningum um ritun fundargerða, sbr. auglýsingu nr. 1181/2021, sem settar hafa verið samkvæmt 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Byggðarráðsfundir skulu haldnir fyrir luktum dyrum og fundarmenn skulu gæta trúnaðar er varðar ummæli einstakra fundarmanna á fundum.

31. gr.

Áheyrnarfulltrúi.

Framboð sem hefur fulltrúa í sveitarstjórn og á ekki kjörinn fulltrúa í byggðarráði skal hafa einn áheyrnarfulltrúa í byggðarráði og annan til vara og skulu þeir fullnægja kjörgengisskilyrðum í byggðarráð, sbr. 3. mgr. 50. gr. sveitarstjórnarlaga.

32. gr.

Verkefni byggðarráðs.

Byggðarráð ásamt sveitarstjóra fer með framkvæmdastjórn og fjármálastjórn sveitarfélagsins að því leyti sem þessi verkefni eru ekki falin öðrum.

Byggðarráð hefur eftirlit með stjórnslu Norðurþings og fjármálastjórn þess, semur drög að fjárhagsáætlun og viðaukum við hana og leggur þau fyrir sveitarstjórn.

Byggðarráð sér um að ársreikningar sveitarfélagsins og séu samdir reglum samkvæmt og lagðir fyrir sveitarstjórn til meðferðar og afgreiðslu.

Byggðarráð hefur umsjón og eftirlit með rekstri fyrirtækja sveitarfélagsins, málefni er varða upplýsingarétt skv. upplýsingalögum nr. 140/2012 og málefni sem falla undir stjórnir byggðasamlaga eða annarra fyrirtækja sem Norðurþing á aðild að. Fundargerðir þeirra skulu lagðar fyrir byggðarráð.

Byggðarráð hefur umsjón með þjónustu- og upplýsingatæknimálum, nýsköpunar- og atvinnu- málum, almanna- og brunavörnum að því leyti sem almannavarnir eru ekki annars á forræði almannavarnanefndar í umdæmi lögreglustjórans á Norðurlandi eystra og öðrum þeim verkefnum sem öðrum ráðum eru ekki sérstaklega falin.

Byggðarráð semur drög að árlegri starfsáætlun og fjárhagsáætlun sveitarsjóðs og viðaukum við hana, stofnana hans og fyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeigandi ráða og stjórna og leggur þau fyrir sveitarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga.

Meðan sveitarstjórn er í sumarleyfi fer byggðarráð með sömu heimildir og sveitarstjórn hefur ella sé ekki um það ágreiningur í byggðarráði.

Sveitarstjórn getur falið byggðarráði fullnaðarafgreiðslu mála, nema lög mæli á annan veg. Sveitarstjórn setur byggðarráði erindisbréf.

33. gr.

Nefndir og stjórnir.

Eftirtaldir nefndir og stjórnir sem kjörnar eru af sveitarstjórn heyra undir stjórnarsýslu byggðarráðs:

1. Samstarfsnefnd um kjaramál.
2. Yfirkjörstjórn og undirkjörstjórnir.
3. Hverfisráð Kelduhverfis, Reykjahverfis, Raufarhafnar og Öxarfjarðar og Kópaskers.

34. gr.

Heimild byggðarráðs til fullnaðarákvörðunar.

Sveitarstjórn getur falið byggðarráði fullnaðarafgreiðslu einstakra mála. Vald til fullnaðarafgreiðslu máls getur aldrei falið í sér vald til töku ákvörðunar sem gengur gegn fjárhagsáætlun eða öðrum almennum og bindandi reglum eða áætlunum sem sveitarstjórn hefur sett.

Verði ágreiningur um ákvörðun í byggðarráði telst málið ekki til lykta leitt fyrr en það hefur hlotið staðfestingu á næsta reglulega fundi sveitarstjórnar.

Fullnaðarárvarðanir sem teknar hafa verið sæta ekki eiginlegu málskoti innan stjórnarsýslu sveitarfélagsins, heldur getur aðili máls átt rétt á endurupptöku ákvörðunar, sbr. 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Ef óskað er endurupptöku máls sem byggðarráð hefur afgreitt skal leggja það fyrir sveitarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.

Byggðarráði er heimil fullnaðarafgreiðsla mála, sbr. 73. gr. samþykktar þessarar um viðauka, án staðfestingar sveitarstjórnar, ef:

1. lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því,
2. þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun,
3. þau víkja ekki frá stefnu sveitarstjórnar í veikamiklum málum, og
4. ekki er ágreiningur um málið.

VI. KAFLI

Fastanefndir – aðrar nefndir og ráð en byggðarráð.

35. gr.

Kosning og kjörtímabil.

Formenn ráða eða fastanefnda skulu vera aðalmenn í sveitarstjórn. Sveitarstjórn kýs fulltrúa í fastanefndir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Kjörtímabil fastanefnda er hið sama og sveitarstjórnar nema annað leiði af lögum eða samþykkt þessari.

Sveitarstjórn skal kjósa formenn og varaformenn fastanefnda á sama fundi og kosning til nefndarsetu fer fram. Þegar formaður hefur verið kosinn í nefnd skal hann boða eða láta boða fundi í nefnd með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara. Á fyrsta fundi nefndar skal kjósa ritara nefndar nema lög, samþykktir eða sveitarstjórn ákveði annað.

Að loknum sveitarstjórnarkosningum halda fastanefndir umboði sínu þar til nýkjörin sveitarstjórn hefur kjörið nýja nefnd í þeirra stað en með sömu takmörkunum valdheimilda og fyrri sveitarstjórn setti að afloknum kosningum, sbr. 12. gr. og 2. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga.

36. gr.

Kosning og kjörgengi.

Kosningar í fastanefndir sveitarstjórnar, nefndir fyrir hluta sveitarfélagsins og nefndir til að fara með einstök verkefni eða málaflokka og aðrar nefndir og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að, skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar ef þess er óskað. Framkvæmd kosninga skal þá vera í samræmi við ákvæði 44. og 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef ekki er kosið hlutfallskosningu til nefndar, sbr. 1. mgr. 43. gr. sveitarstjórnarlaga, skal sveitarstjórn gæta þess að fullnægja kröfum um kynjahlutfall skv. 2. tölulið 44. gr. laganna við skipun í viðkomandi nefnd.

Þeir einir eru kjörgengir í nefndir, stjórnir og ráð sem hafa kosningarrétt í sveitarfélaginu, nema annað leiði af lögum, sbr. m.a. 2. mgr. 39. gr. sveitarstjórnarlaga.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana sem þeir starfa hjá. Sveitarstjórn getur þó ákveðið að víkja frá þessu ef málefni vinnuveitanda eru óverulegur þáttur í starfi viðkomandi nefndar og starfið er ekki þess eðlis að hætta sé á hagsmunaaðrekstrum vegna nefndarsetu.

Formönnum og í forföllum þeirra varaformönnum nefnda er heimilt að sitja nefndar- og stjórnarfundir með málfrelsi og tillögurétt í þeim fagnefndum og stjórnnum sem heyra undir nefndirnar.

37. gr.

Erindisbréf.

Sveitarstjórn staðfestir erindisbréf fyrir nefndir, stjórnir og ráð, þar sem kveðið er á um hlutverk, valdsvið og starfshætti þeirra í samræmi við lög, reglugerðir og almennar samþykktir sveitarstjórnar.

38. gr.

Valdsvið nefnda og ráða og framsal sveitarstjórnar til þeirra á valdi til fullnaðarafgreiðslu mála.

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð getur sveitarstjórn ákveðið með viðauka að fela nefnd, ráði eða stjórn á vegum sveitarfélagsins fullnaðarafgreiðslu tiltekinna mála án staðfestingar sveitastjórnar, ef:

1. lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn því,
2. þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun eða öðrum almennum og bindandi reglum eða áætlunum sem sveitarstjórn hefur sett,
3. þau víkja ekki frá stefnu sveitarstjórnar í veigamiklum málum.

Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í 42. gr. sveitarstjórnarlaga og samþykktar þessarar. Að öðru leyti skal gæta að ákvæðum 20. gr. stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993.

39. gr.

Fundartími fastanefnda.

Fastanefndir sveitarfélagsins skulu að jafnaði halda fundi á mánudögum eða þriðjudögum og eigi sjaldnar en tvisvar í mánuði. Aukafundi skal halda eftir þörfum að ákvörðun formanns eða ef sveitarstjóri eða a.m.k. þrír nefndarmenn óska þess. Fundir fastanefnda skulu að jafnaði ekki standa lengur en 2 klst. í senn.

40. gr.

Endurupptaka máls.

Mál sem fengið hefur afgreiðslu í nefnd eða ráði, sbr. 38. gr., getur komið til afgreiðslu sveitarstjórnar með tvennum hætti:

1. Nefnd er skylt að vísa afgreiðslu máls til sveitarstjórnar ef a.m.k. þriðjungur nefndarmanna óskar eftir því með bókun á nefndarfundum.
2. Sveitarstjórnarfulltrúi getur með formlegri og rökstuddri tillögu óskað þess að ákvörðun nefndar eða embættismanns, sbr. 58. gr. samþykktarinnar, verði tekin á dagskrá sveitarstjórnar. Þetta gildir þó ekki ef ákvörðun hefur verið tilkynnt málsaðila og hagsmunir hans mæla gegn því að mál verði tekið upp að nýju.

41. gr.

Endurupptökuskilyrði.

Aðili máls á rétt á að mál hans sé tekið til meðferðar á ný eftir fullnaðarafgreiðslu þess hjá sveitarstjórn, ráði, nefnd eða embættismanni, ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin.

Beiðni um endurupptöku máls skal beina til viðkomandi ráðs eða nefndar og verður að jafnaði að koma fram áður en þrjú mánuðir eru liðnir frá því að málsaðila er tilkynnt um afgreiðslu. Ef endurupptökuskilyrði eru fyrir hendi tekur viðkomandi ráð eða nefnd ákvörðun um málsmeðferð.

Heimildir til endurupptöku mála sem hljóta afgreiðslu samkvæmt þessari grein skulu taka mið af 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

42. gr.

Afgreiðsla á fundargerðum.

Fundargerðir nefnda, stjórna og ráða sveitarfélagsins skulu teknar á dagskrá sveitarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum fundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar sveitarstjórnar, eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar, ber að taka þær sérstaklega fyrir. Hafi ályktun nefndar, stjórnar eða ráðs í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir, skal ályktun ætíð lögð fyrir byggðarráð og sveitarstjórn.

43. gr.

Fundir ráða, nefnda og stjórna og ályktunarhæfi.

Fundir ráða, stjórna og nefnda skulu að jafnaði haldnir fyrir luktum dyrum og trúnaðar skal gætt er varðar ummæli einstakra fundarmanna á fundunum. Sveitarstjórn skal setja viðmið um opna fundi í stjórnkerfi sveitarfélagsins. Nefndir, stjórnir og ráð geta kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn sveitarfélagsins og jafnframt boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

Um fundi nefnda, stjórna og ráða, ályktunarhæfi og atkvæðagreiðslur gilda ákvæði III. kafla samþykktar þessarar og sveitarstjórnarlaga eftir því sem við getur átt.

44. gr.

Fundarstjórn og fundargerðir.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á. Jafnframt gilda ákvæði erindisbréfa, nefnda, stjórna og ráða um meðferð mála.

Nefndir, stjórnir og ráð Norðurlands skulu halda gerðabækur. Kjörinn ritari skal færa fundargerð í gerðabók. Heimilt er að starfsmenn skrifstofu sveitarfélagsins annist ritun fundargerða í stað kjörinna ritara. Um ritun fundargerða, ráða, stjórna og nefnda gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnar, sbr. 16. gr. samþykktar þessarar.

46. gr.

Varamenn.

Varamenn taka sæti í nefndum í þeirri röð sem þeir eru kosnir.

Þegar kosið er til nefndar hlutbundinni listakosningu eða listi hefur verið sjálfkjörinn og aðalmaður í nefnd er forfallaður taka varamenn þess lista sem aðalmaður er kjörinn af sæti í nefnd í þeirri röð sem þeir skipa listann eftir að endurröðun á hann hefur farið fram.

Ef tveir eða fleiri flokkar eða framboðslistar til sveitarstjórnar leggja í sameiningu fram tillögu að lista við hlutbundna kosningu í nefnd sveitarstjórnar geta þeir komið sér saman um að varamenn á listanum vegna nefndarkosningarinnar, sem eru þar fulltrúar sama flokks eða framboðslista og sá aðalmaður í nefnd sem um ræðir, taki sæti hans í nefndinni í þeirri röð sem þeir voru kosnir án tillits til þess hvar þeir annars eru í röð varamanna. Sé enginn úr hópi varamanna viðkomandi lista í sama flokki eða tilheyri sama framboðslista og aðalmaður tilheyrði þegar kosning í nefnd fór fram taka varamenn af listanum sæti eftir venjulegum reglum.

Yfirlýsingu um samkomulag skv. 3. mgr. skal leggja fram á fyrsta sveitarstjórnarfundum eftir að nefndarkosning fór fram og gildir hún til loka kjörtímabils eða þar til kjörið er í nefnd að nýju.

47. gr.

Boðun varamanna.

Um boðun varamanna á ráðs-, stjórnar- og nefndarfundum gilda ákvæði 24. gr. samþykktar þessarar eftir því sem við á.

Þegar aðalmaður í nefnd/ráði/stjórn fellur frá, missir kjörgengi, fær lausn frá nefndarstarfi eða forfallast varanlega frá því að sitja í nefnd/ráði/stjórn tekur varamaður hans sæti í nefndinni/ráðinu/stjórninni nema sveitarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju, ella skipar sveitarstjórn nýjan varamann til setu í nefndinni/ráðinu/stjórninni.

Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar um varamenn taka einnig til varaáheyrnarfulltrúa eftir því sem við getur átt skv. 31. gr. samþykktar þessarar.

48. gr.

Lausn frá nefndarsetu og endurskipun.

Fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins, sem ekki eru aðal- eða varamenn í sveitarstjórn, er heimilt að segja af sér nefndastörfum hvenær sem er á kjörtímabili. Aðrir fulltrúar geta óskað eftir því við sveitarstjórn að þeim verði veitt lausn tímabundið eða út kjörtímabilið og metur hún þá hvort skilyrði til þess séu fyrir hendi.

Sveitarstjórn getur hvenær sem er á kjörtímabili ákveðið að skipta um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sem hún kys eða skipar ef ekki er um það ágreiningur innan sveitarstjórnar eða málefnalegar ástæður mæla með slíkri breytingu, svo sem ef nefndarmaður, án lögmætra forfalla, mætir ekki á fundi nefndar eða brýtur gegn þagnarskyldu. Enn fremur getur sveitarstjórnarfulltrúi krafist þess að nefnd verði endurskipuð telji hann ástæðu til. Sveitarstjórn er þó heimilt að hafna slíkri beiðni ef hún er bersýnilega tilefnislaus að því tilskildu að 2/3 fundarmanna greiði atkvæði með tillögu um höfnun.

Við framangreindar breytingar á skipan fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins skal kjósa alla fulltrúa að nýju og fer þá um kjör þeirra skv. 1. mgr. 43. gr. sveitarstjórnarlaga nema enginn ágreiningur sé innan sveitarstjórnar um breytingarnar.

Breytingar á nefndaskipan samkvæmt þessari grein skulu fullnægja skilyrðum 2. tölul. 44. gr. og 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, um kynjahlutföll.

49. gr.

Áheyrnarfulltrúar.

Framboð sem hefur fulltrúa í sveitarstjórn og á ekki kjörinn fulltrúa í fastanefnd skal hafa einn áheyrnarfulltrúa í fastanefndinni og annan til vara til þátttöku í fundum nefndarinnar. Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi skulu fullnægja kjörgengisskilyrðum í fastanefnd.

Um áheyrnarfulltrúa í öðrum nefndum en fastanefndum fer eftir ákvörðun sveitarstjórnar.

Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi skulu fullnægja kjörgengisskilyrðum í viðkomandi nefnd.

Um áheyrnarfulltrúa á fundum nefnda og annarra stjórna og ráða gilda sömu þagnarskylduákvæði laga og eiga við um aðra nefndarmenn.

50. gr.

Þóknun.

Sveitarstjórn er skylt að ákveða kjörnum fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins hæfilega þóknun fyrir þau störf, samkvæmt mati sveitarstjórnar, í samræmi við reglur sem hún setur. Sveitarstjórn er með sama hætti heimilt að ákveða að greiða áheyrnarfulltrúum þóknun fyrir störf þeirra í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins.

51. gr.

Önnur réttindi og skyldur.

Nefndarmönnum er skylt að sækja fundi nefndar.

Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda að öðru leyti um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á. Réttindi takmarkast þó eftir eðli máls við það sem fulltrúum er þörf á vegna starfa í viðkomandi nefnd.

52. gr.

Aðrar nefndir, ráð og stjórnir sem Norðurþing á aðild að.

Sveitarstjórn kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að samkvæmt viðkomandi lögum eða samþykktum. Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar eiga við um slíka fulltrúa eftir því sem við getur átt.

Að því leyti sem nefnd, ráð eða stjórn lögaðila, sem sveitarstjórn kýs fulltrúa til skv. 1. mgr., fer með framkvæmd eða ábyrgð á verkefni sem sveitarfélaginu væri ekki sjálfu heimilt að sinna, þá er fulltrúi sveitarfélagsins í viðkomandi nefnd, ráði eða stjórn ekki bundinn af fyrirmælum sveitarstjórnarinnar um þau störf. Hið sama á við að því leyti sem það leiðir af lögum sem gilda um rekstur og starfsemi viðkomandi lögaðila.

53. gr.

Fastanefndir, aðrar nefndir, stjórnir og ráð sem sveitarfélagið á aðild að.

Sveitarstjórn kýs í eftirfarandi nefndir, stjórnir og ráð. Sveitarstjórn getur sett fastanefndum sínum erindisbréf eða samþykkt þar sem verkefnum þeirra er lýst nánar. Sveitarstjórn kýs formenn og varaformenn nefnda skv. A- og B-lið:

A. Til eins árs:

Á fyrsta fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar og árlega þar á eftir:

1. *Forseti sveitarstjórnar.*
2. *Fyrsti varaforseti sveitarstjórnar.*
3. *Annar varaforseti sveitarstjórnar.*
4. *Byggðarráð.* Þrír sveitarstjórnarfulltrúar sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 27. gr. þessarar samþykktar og 36. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

B. Fastanefndir kosnar til fjögurra ára:

Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

1. *Fjölskyldusvið Norðurþings:*
 - 1.1 *Fjölskylduráð.* Fimm aðalmenn og fimm til vara. Formaður fjölskylduráðs skal vera aðalmaður í sveitarstjórn. Nefndin fer með verkefni jafnréttisnefndar samkvæmt lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 150/2020, verkefni húsnæðisnefndar samkvæmt lögum um húsnæðismál nr. 44/1998, verkefni félagsmálanefndar og þar með málefni félagsþjónustu eins og þau eru skilgreind í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, jafnframt umsjón með daggæslu í heimahúsum á grunni laga um félagsþjónustu, laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og með öldrunarmálum samkvæmt lögum um málefni aldreaðra nr. 125/1999. Ráðið sinnir verkefnum skólanefndar samkvæmt lögum um grunnskóla nr. 91/2008, verkefni leikskóla samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008, verkefni tónlistarskóla samkvæmt lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985, verkefni framhaldsskóla samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008 auk samstarfs við menntastofnanir, fullorðinsfræðslu og endurmenntun. Nefndin annast stefnumótun í íþróttá-, tómstunda-, forvarna-, æskulýðs- og menningarmálum. Nefndin skal stuðla að virku íþróttá- og æskulýðsstarfi og virkja félagsauðinn í sveitarfélaginu. Nefndin ber ábyrgð á samskiptum við þá aðila sem vinna að menningarmálum í sveitarfélaginu. Nefndinni ber að vinna að undirbúningi viðburða og hátíða í samvinnu við hagsmunaaðila. Nefndin skal taka ákvarðanir og gera tillögur til sveitarstjórnar um málefni á verksviði sínu. Jafnframt hefur nefndin eftirlit með að samþykktum og stefnumörkun á verksviði nefndarinnar sé fylgt. Auk ofangreindra verkefna getur sveitarstjórn falið nefndinni ýmis verkefni með erindisbréfum.
2. *Skipulags- og framkvæmdasvið Norðurþings:*
 - 2.1 *Skipulags- og framkvæmdaráð.* Fimm aðalmenn og fimm til vara. Formaður skipulags- og framkvæmdaráðs skal vera aðalmaður í sveitarstjórn. Ráðið fer með hlutverk skipulagsnefndar sem henni eru falin samkvæmt 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ráðið skal móta stefnu sveitarfélagsins varðandi skipulags- og byggingarmál, sem og náttúru-

vernd og umhverfis- og loftslagsmál. Ráðið fer með málefni sem tengjast framkvæmdum á vegum sveitarfélagsins. Skipulags- og framkvæmdaráð tilnefni tvo fulltrúa í svæðis- skipulagsnefnd háhitasvæða í Þingeyjarsýslum. Skipulags- og byggingarfulltrúi sveitarfélagsins skal kynna afgreiðslur sínar til skipulags- og framkvæmdaráðs. Ráðið fer með málefni tengd eignum sveitarfélagsins, samgöngumál og umferðaröryggi skv. umferðarlögum nr. 77/2019. Nefndin fer jafnframt með málefni Slökkviliðs Norðurlands í samræmi við lög um brunavarnir nr. 75/2000. Nefndin fer einnig með málefni sem varða sörpmál sveitarfélagsins. Ráðið skal fara með hlutverk hafnarstjórnar samkvæmt hafnalögum nr. 61/2003 og starfar eftir reglugerð um hafnir Norðurlands nr. 177/2011. Sveitarstjórn er heimilt að skipa þriggja manna stjórn, auk þriggja til vara, hafnarsjóðs Norðurlands sem færi með málefni hafnarsjóðs. Auk framangreindra verkefna getur sveitarstjórn falið nefndinni ýmis verkefni með erindisbréfum.

C. Fulltrúar í aðrar nefndir, ráð og stjórnir og embættismenn kjörnir til fjögurra ára á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:

1. *Hverfisráð Norðurlands í Reykjahverfi, Kelduhverfi, Öxarfirði og á Raufarhöfn.* Þrjú aðalmennt og tveir til vara í hvert ráð. Hverfisráð starfa eftir sérstakri samþykkt.
2. *Öldungaráð Norðurlands.* Þrjú aðalmennt og jafnmargir til vara. Öldungaráð starfar eftir sérstakri samþykkt.
3. *Ungmennaráð Norðurlands.* Fimm aðalmennt og jafnmargir til vara. Ungmennaráð starfar eftir sérstakri samþykkt.
4. *Fötlunarráð Norðurlands.* Fimm aðalmennt og jafnmargir til vara. Fötlunarráð starfar eftir sérstakri samþykkt.
5. *Yfirkjörstjórn.* Þrjú aðalmennt og jafnmargir til vara skv. 15. gr. og 17. gr. kosningalaga nr. 112/2021. Þá kys sveitarstjórn í undirkjörstjórnir I, II, III, IV og V þrjú aðalmennt í hverja og jafnmarga til vara. Yfirkjörstjórn skal kjörin á fyrsta fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar en heimilt er að kjósa undirkjörstjórnir síðar.
6. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.* Aðal- og varamennt skv. 4. gr. laga sambandsins.
7. *Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi eystra.* Fulltrúar á aðalfund SSNE skv. IV. kafla samþykktar sambandsins frá 30. ágúst 1996, aðalmennt og varamennt.
8. *Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra.* Einn aðalmaður og annar til vara tilnefndir af sveitarstjórn skv. 2. gr. samstarfssamnings um skipan heilbrigðisnefndar og rekstur heilbrigðiseftirlits frá 2002.
9. *Fulltrúaráð Héraðsnefndar Þingeyinga bs.* Aðalmennt og varamennt skv. 6. gr. samþykktar nefndarinnar.
10. *Fulltrúaráð Menningarmiðstöðvar Þingeyinga.* Sex aðalmennt og sex til vara. Nefndin annast málefni þeirra safna sem falla undir Safnahúsið á Húsavík. Aðrir eignaraðilar kjósa fjóra fulltrúa.
11. *Aðalfundur Dvalarheimilis aldraðra sf. í Þingeyjarsýslu.* Fimm aðalmennt og jafnmargir til vara til setu á aðalfundi skv. 6. gr. samþykktar dvalarheimilisins frá 5. maí 1998.
12. *Stjórn Menningarsjóðs Þingeyyskra kvenna,* skv. 6. gr. skipulagsskrár sjóðsins.
13. *Starfsmenntunarsjóður STH.* Einn aðalmaður og annar til vara samkvæmt grein 12.4.1 í kjarasamningi við Starfsmannafélag Húsavíkur (1997). Starfsmannafélagið kys tvo fulltrúa.
14. *Starfskjaranefnd STH.* Tveir aðalmennt og jafnmargir til vara samkvæmt sérákvæði 16.12 í kjarasamningi við Starfsmannafélag Húsavíkur (1997). Starfsmannafélagið kys tvo fulltrúa í nefndina.
15. *Kjaranefnd stéttarfélagsins Framsýnar.* Tveir aðalmennt og jafnmargir til vara samkvæmt grein 14.1.1 í kjarasamningi við Framsýn sem kys tvo fulltrúa.
16. *Sveitarstjórn skal í samráði við landeigendur í viðkomandi fjallskiladeild skipa einn mann í hverja fjallskiladeild sveitarfélagsins samkvæmt fjallskilasamþykkt fyrir svæðið austan Vaðlaheiðar.* Deildirnar eru: Reykjahverfisdeild: Skógarrétt. Húsavíkudeild: Húsavíkurrétt, Kelduhverfingadeild: Tjarnarleitisrétt. Öxarfjarðardeild: Tungurétt, Sandfellshagarétt og Landsrétt. Núpasveitardeild: Katastaðarétt. Sléttudeild: Leirhafnarétt.

17. *Barnaverndarnefnd Þingeyinga*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara, samkvæmt 2. mgr. 10. gr., sbr. 87. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

D. Fulltrúar í aðrar nefndir, ráð og stjórnir og embættismenn kjörnir til mismunandi tíma samkvæmt ákvæðum í viðkomandi lögum, reglum eða samþykktum:

1. *Skólanefnd Framhaldsskólans á Húsavík*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara tilnefndir af sveitarstjórn skv. 5. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008. Menntamálaráðherra skipar skólanefndina til fjögurra ára í senn (fyrsta skipun 1996) og er hún skipuð fimm fulltrúum og jafnmörgum til vara.
2. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands*. Einn aðalmaður og annar til vara kjörinn ári eftir sveitarstjórnarkosningar, sbr. 9. gr. laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands, nr. 68/1994. Kjörtímabil er fjögur ár, sbr. 10. gr. laga nr. 68/1994.
3. *Dettifossnefnd*. Einn aðalmaður og einn til vara skv. auglýsingu nr. 457/1996 um náttúruvætti í Jökulsárgljúfrum.
4. *Svæðisráð Vatnajökulspjóðgarðs*. Einn aðalmaður og einn til vara skv. 7. gr. laga nr. 60/2007 um Vatnajökulspjóðgarð.
5. *Stjórn Hvalasafnsins*. Einn aðalmaður og einn varamaður skv. 7. gr. samþykktar Hvalasafnsins.
6. *Stjórn Þekkingarnets Þingeyinga*. Einn aðalmaður skv. 4. gr. skipulagsskrár Þekkingarnets Þingeyinga.
7. *Stjórn Náttúrustofu Norðausturlands*. Fulltrúa skv. 12. gr. laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur nr. 60/1992.
8. *Stjórn Rannsóknastöðvarinnar Rífs*. Einn aðalmaður skv. staðfestri skipulagsskrá Rannsóknastöðvarinnar Rífs.
9. *Stjórn Húsavíkurstofu*. Tveir aðalmenn skv. lögum Húsavíkurstofu.

E. Verkefnabundnar nefndir:

Sveitarstjórn og ráð geta skipað nefndir til að vinna að afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur sjálfkrafa niður við lok kjörtímabils sveitarstjórnar eða fyrr ef verki nefndarinnar er lokið. Sveitarstjórn getur afturkallað umboð slíkrar nefndar hvenær sem er.

VII. KAFLI

Sveitarstjóri og aðrir starfsmenn sveitarfélagsins.

54. gr.

Ráðning sveitarstjóra.

Sveitarstjórn ræður sveitarstjóra til þess að annast framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og verkefni sveitarfélagsins. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningartími sveitarstjóra skal að jafnaði vera sá sami og kjörtímabil sveitarstjórnar.

55. gr.

Helstu verkefni sveitarstjóra.

Sveitarstjóri er æðsti yfirmaður starfslíðs sveitarfélagsins og kemur fram sem æðsti stjórnandi fyrir hönd sveitarfélagsins. Fjármálastjóri er staðgengill sveitarstjóra.

Sveitarstjóri undirbýr fundi byggðarráðs og sveitarstjórnar, semur dagskrár og boðar til funda. Hann á sæti á fundum sveitarstjórnar og byggðarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt, nema hann sé kjörinn fulltrúi í byggðarráði og sveitarstjórn. Hann hefur og rétt til setu á fundum ráða, stjórna og nefnda sveitarfélagsins með sömu réttindum.

Sveitarstjórnin hefur á hendi framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og málefna sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórnin ákveður ekki annað.

Hann skal sjá um að stjórnslá sveitarfélagsins samræmist lögum, samþykktum og viðeigandi fyrirmælum yfirmanna.

Sveitarstjóri fer m.a. með framkvæmdastjórn stjórnslásluhúss og sérverkefna.

Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki sveitarstjórnarinnar þarf til.

Sveitarstjórinn er prókúruhafi sveitarsjóðs. Sveitarstjóra er heimilt með samþykki byggðarráðs að veita öðrum starfsmönnum sveitarfélagsins prókúru. Prókúruhafar skulu vera fjár síns ráðandi.

56. gr.

Ráðning stjórnenda.

Byggðarráð ræður starfsmenn í þær stjórnunarstöður sem heyra beint undir sveitarstjóra, samkvæmt skipuriti sveitarfélagsins, að fenginni tillögu sveitarstjóra og auk þess yfirmenn stofnana og fyrirtækja í eigu sveitarfélagsins sem heyra beint undir sveitarstjóra.

Byggðarráð/sveitarstjórn setur sér reglur varðandi ráðningar stjórnenda og annarra starfsmanna sem fjallað er um í 57. gr. í samþykkt þessari.

57. gr.

Ráðning annarra starfsmanna.

Sveitarstjóri í samráði við sviðsstjóra/fulltrúa/stjórnendur sveitarfélagsins ræður aðra starfsmenn.

58. gr.

Valdsvið embættismanna og framsal sveitarstjórnar til embættismanna á valdi til fullnaðarafgreiðslu mála.

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð getur sveitarstjórn ákveðið með viðauka að fela embættismönnum í stjórnýslu Norðurþings fullnaðarafgreiðslu mála á sama hátt og með sömu skilyrðum og nefnd eru í 38. gr. samþykktar þessarar. Framsalsheimildir skulu koma fram í viðaukum með samþykkt þessari.

- a. Fjármálastjóra í umboði byggðarráðs að afgreiða afslátt af fasteignasköttum til elli- og örorkulífeyrisþega og vegna andláts maka á grundvelli samþykktra reglna þar um.
- b. Byggingarfulltrúa að afgreiða mál samkvæmt samþykkt um gatnagerðargjald, stofngjald holræsa, byggingarleyfisgjald, gjöld vegna skipulagsvinnu og afgreiðslu- og þjónustugjöld í Norðurþingi nr. 260/2019.
- c. Sveitarstjóra í umboði byggðarráðs samkvæmt áfengislögum nr. 75/1998, gildandi málsmeðferðarreglum um áfengisveitingaleyfi og lögum um veitinga- og gististaði nr. 85/2007 að gefa umsagnir um veitingu og endurnýjun veitingaleyfa.
- d. Félagsmálastjóra í umboði fjölskylduráðs að veita fjárhagsaðstoð til framfærslu í samræmi við reglur um fjárhagsaðstoð hjá félagsþjónustu Norðurþings, samþykktar af sveitarstjórn.

Sveitarstjórn skal setja skýrar reglur um afgreiðslu embættismanna, en viðkomandi nefndir hafa eftirlit með þeim og kalla reglulega eftir skýringum og upplýsingum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli þeirra. Embættismanni er alltaf heimilt að vísa ákvörðun skv. 1. mgr. til viðkomandi nefndar til fullnaðarafgreiðslu. Mál sem starfsmenn afgreiða skulu kynnt í viðkomandi nefnd með skriflegri skýrslu á fyrsta reglulega fundi eftir afgreiðslu.

59. gr.

Endurupptaka máls.

Mál sem embættismanni er heimilt að afgreiða eða sem hefur fengið afgreiðslu í ráði getur komið til ákvörðunar sveitarstjórnar með tvennum hætti:

- a. Nefnd er skylt að vísa afgreiðslu máls til sveitarstjórnar ef a.m.k. þriðjungur nefndarmanna óskar eftir því með bókun á nefndarfundi.
- b. Sveitarstjórnarfulltrúi getur með formlegri og rökstuddri tillögu óskað þess að ákvörðun nefndar eða embættismanns verði tekin á dagskrá sveitarstjórnar. Þetta gildir þó ekki ef ákvörðun hefur verið tilkynnt málsaðila og hagsmunir hans mæla gegn því að mál verði tekið upp að nýju.

60. gr.

Þagnarskylda starfsmanna.

Starfsmenn Norðurbings og aðrir sem sveitarfélagið ræður til vinnu við ákveðin verkefni eru bundnir þagnarskyldu um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

61. gr.

Um starfskjör og réttindi starfsmanna.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga, starfsmannastefnu og jafnréttisáætlun.

VIII. KAFLI

Fjármál sveitarfélagsins.

62. gr.

Fjárstjórnarvald sveitarstjórnar.

Einvörðungu sveitarstjórn getur tekið ákvarðanir um málefni sem varða verulega fjármál sveitarfélagsins. Til slíkra málefna teljast m.a. ákvarðanir um eftirtalin atriði séu ekki gerðar beinar undantekningar þar á með lögum:

- a. Staðfestingu ársreiknings.
- b. Fjárhagsáætlun næstkomandi árs.
- c. Fjárhagsáætlun til fjögurra ára.
- d. Viðauka við fjárhagsáætlanir skv. 2. og 3. tölul.
- e. Lán, ábyrgðir eða aðrar fjárhagslegar skuldbindingar sveitarfélagsins.
- f. Sölu eigna sveitarfélagsins og annarra réttinda þess.
- g. Álagningu skatta og gjalda.
- h. Ráðningu eða uppsögn endurskoðanda.

63. gr.

Afgreiðsla og form fjárhagsáætlunar.

Sveitarstjórn skal á hverju ári afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir. Byggðarráð, leggur samkvæmt 1. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga tillögu um fjárhagsáætlun fyrir sveitarstjórn eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Sveitarstjórn skal fjalla um hana á tveimur fundum sem fram skulu fara með minnst tveggja vikna millibili. Að lokinni umræðu sveitarstjórnar skal afgreiða tillöguna, þó ekki síðar en 15. desember ár hvert.

Fjárhagsáætlanir skulu gefa glögga mynd af rekstri sveitarfélagsins, efnahag og breytingum á handbæru fé. Einnig skal þar koma fram greinargott yfirlit um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjárheimildir sveitarfélagsins. Við gerð fjárhagsáætlana skal hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs og stofnana sveitarfélagsins við upphaf áætlunartímabilsins.

Sveitarstjórn skal senda því ráðuneyti sem fer með málefni sveitarfélaga fjárhagsáætlun innan fimmtán daga frá afgreiðslu hennar, sbr. 1. mgr. 76. gr. sveitarstjórnarlaga. Sama á við um viðauka við fjárhagsáætlun.

64. gr.

Bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins.

Ákvörðun sem sveitarstjórn tekur skv. 61. gr. samþykktar þessarar og 62. gr. sveitarstjórnarlaga um fjárhagsáætlun næstkomandi árs er bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins. Aðrir geta þó ekki byggt sjálfstæðan rétt til fjárframlaga eða annarrar fyrirgreiðslu sveitarfélagsins á fjárhagsáætlunum.

Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykktari áætlun. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun

um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans.

Þrátt fyrir 2. mgr. má í undantekningartilvikum gera þær ráðstafanir sem skylt er samkvæmt lögum eða öðrum bindandi réttarreglum án þess að sveitarstjórn hafi áður samþykkt viðauka, enda þoli þær ekki bið. Viðhlítandi heimildar sveitarstjórnar skal þá afla svo fljótt sem auðið er. Skal erindi um slíka heimild lagt fyrir þegar á næsta fundi sveitarstjórnarinnar.

65. gr.

Fjármálareglur og viðmið um afkomu sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum, sbr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga og ákvæði reglugerðar nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga.

66. gr.

Ábyrg meðferð fjármuna og heimildir til fjárskuldbindinga.

Sveitarstjórn skal gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna sveitarfélagsins og varðveita fjármuni með ábyrgum hætti, svo sem á innlánsreikningum fjármálastofnana eða með því að kaupa ríkistryggð verðbréf. Um heimildir til fjárfestinga í hagnaðarskyni fer skv. ákvæðum 65. gr. sveitarstjórnarlaga. Áður en sveitarstjórn tekur ákvörðun um fjárfestingu, framkvæmd eða aðra skuldbindingu sem nemur hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum sveitarfélagsins yfirstandandi reikningsár er skylt að gera sérstakt mat á áhrifum hennar á fjárhag sveitarfélagsins, sbr. ákvæði 66. gr. sveitarstjórnarlaga.

Um heimildir Norðurlþings til veðsetninga og að gangast í ábyrgðir fer skv. 68. og 69. gr. sveitarstjórnarlaga.

67. gr.

Ársreikningur.

Gera skal ársreikning fyrir sveitarsjóð, stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki þess. Jafnframt skal gera samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, þ.e. sveitarsjóð, stofnanir hans og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum um ársreikninga, reglum settum samkvæmt þeim lögum og sveitarstjórnarlögum, sem og góðri reiknings-skilavenju.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður og samþykktur af byggðarráði og sveitarstjóra og tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn fyrir 15. apríl ár hvert.

Sveitarstjórn skal hafa lokið staðfestingu ársreiknings sveitarfélagsins, stofnana og fyrirtækja þess eigi síðar en 15. maí ár hvert.

Ársreikning sveitarfélagsins, ásamt skýrslu endurskoðanda, skal senda ráðuneyti sveitarstjórnarmála og Hagstofu Íslands ekki síðar en 20. maí ár hvert.

68. gr.

Endurskoðun ársreikninga.

Sveitarstjórn ræður löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem annast skal endurskoðun ársreikninga hjá sveitarfélaginu. Endurskoðun fer eftir lögum um endurskoðendur, lögum um ársreikninga og alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, sem og fyrirmælum 72. og 73. gr. sveitarstjórnarlaga.

IX. KAFLI

Samvinna við önnur sveitarfélög og samningar um starfrækslu verkefna.

69. gr.

Samvinna sveitarfélaga.

Sveitarstjórn er heimilt að eiga samstarf um starfrækslu verkefna við annað eða önnur sveitarfélög og framselja vald til töku ákvarðana um rétt og skyldu manna. Fer um slíkt samstarf skv. IX. kafla sveitarstjórnarlaga og þau sérlög sem við eiga.

70. gr.

Samningar við einkaaðila.

Sveitarstjórn er heimilt að gera samninga við einkaaðila um framkvæmd á þjónustu og öðrum verkefnum fyrir sveitarfélagið, enda sé áætlað fyrir viðkomandi verkefni í fjárhagsáætlunum sveitarfélagsins, sbr. 100. gr. sveitarstjórnarlaga. Skulu ákvæði stjórnsýslulaga og upplýsingalaga, sem og almennar meginreglur stjórnsýsluréttar, gilda um þá stjórnsýslu sem verktaki tekur að sér að annast.

X. KAFLI

Samráð við íbúa – Þátttökulýðræði.

71. gr.

Borgarafundur, íbúáþing, íbúakosningar o.fl.

Um samráð við íbúa þ.m.t. borgarafundi, íbúáþing og íbúakosningar, gilda ákvæði X. kafla sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

72. gr.

Almenn atkvæðagreiðsla að frumkvæði íbúa.

Ef 25% þeirra sem kosningarrétt eiga í sveitarfélaginu óska almennrar atkvæðagreiðslu skv. 108. gr. sveitarstjórnarlaga skal sveitarstjórn verða við því eigi síðar en innan árs frá því að slík ósk berst.

Um framkvæmd undirskriftasöfnunar, hlutverk sveitarstjórnar og framkvæmd almennrar atkvæðagreiðslu fer skv. 107. og 108. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

73. gr.

Viðaukar um fullnaðarafgreiðslur nefnda, ráða og stjórna og sviðsstjóra.

Samþykkt þessari geta fylgt viðaukar um fullnaðarafgreiðslur nefnda, ráða og stjórna í samræmi við heimildir 38. gr. samþykktarinnar og um fullnaðarafgreiðslu sviðsstjóra innan stjórnsýslu Norðurþings í samræmi við heimildir 57. gr. samþykktarinnar, sbr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

XI. KAFLI

Gildistökuákvæði.

74. gr.

Staðfesting.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Norðurþings hefur sett, samkvæmt 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur brott samþykkt um stjórn Norðurþings og fundarsköp sveitarstjórnar nr. 170/2016 með síðari breytingum.

Innviðaráðuneytinu, 2. júní 2022.

F. h. r.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Hafdís Gísladóttir.